

Hugum að trjágróðri við lóðarmörk

Reykjavík, _____

Til lóðarhafa við _____

Ágæti húseigandi / lóðarhafi!

Trjágróður er til þrýði og ánægju fyrir eigendur og vegfarendur, en nú hefur trjágróður á lóð þinni vaxið út fyrir lóðarmörk. Slíkt skapar óþægindi og jafnvel hættu fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur, auk þess sem það getur valdið tjóni á tækjum og bifreiðum sem þjónusta borgarbúa. Við biðjum þig um að bregðast skjótt við og hafa einkum í huga þau atriði sem starfsmenn okkar hafa merkt við hér að neðan:

- ☐ Umferðarmerki verða að vera sýnileg.
- ☐ Gróður má ekki byrgja götulýsingu.
- ☐ Gangandi og hjólandi þurfa að eiga greiða leið um gangstíga.
- ☐ Þar sem vélsópar og snjóruðningstæki fara um má lágmarkshæð gróðurs yfir stígum ekki vera lægri en 2,8 metrar (sjá málsetta teikningu hér fyrir neðan).
- ☐ Gróður má ekki vera neðar en 4,2 metrar á akbraut (gildir einnig þar sem sorphirða, slökkvilið og sjúkrabílar þurfa að komast eftir stétt eða stíg).
- ☐ Ekki má planta hávöxnum trjategundum nær lóðarmörkum aðliggjandi lóða en 3,00 m.



Til að tryggja umferðaröryggi og fyrirbyggja slys þarf að bregðast við þeim atriðum sem merkt hefur verið við hér að ofan eigi síðar en 14 dögum frá dagsetningu þessarar tilkynningar. Verði ekki orðið við þessum tilmælum mega lóðareigendur búast við að gróður verði klipptur á þeirra kostnað án frekari fyrirvara sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012 gr. 7.2.: „Lóðarhafa er skylt að halda vexti trjáa eða runna á lóðinni innan lóðarmarka. Sinni hann því ekki og þar sem vöxtur trjáa eða runna fer út fyrir lóðarmörk við götu, gangstíga eða opin svæði er veghaldara eða umráðamanni svæðis heimilt að fjarlægja þann hluta er truflun eða óþrýði veldur, á kostnað lóðarhafa að undangenginni aðvörun“.

Við óskum eftir góðri samvinnu við að tryggja almenningi greiða leið og skapa umhverfi sem dregur úr líkum á slysum. Við veitum með ánægju allar nánari upplýsingar.

Þjónustumiðstöð Umhverfis- og skipulagssviðs, sími 411 11 11

Einnig getur þú sent tölvupóst á netfangið upplýsingar@reykjavik.is



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

